



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Niðurfelling leikskólagjalda milli jóla og nýárs*

Í reglum um leikskólaþjónustu sem samþykktar voru í skóla- og frístundaráði 9. október 2018 og í borgarráði 15. nóvember 2018 segir í 4.m.gr. 1. gr. „Leikskólagjöld eru felld niður vegna virkra daga milli jóla og nýárs, vegna barna sem ekki sækja leikskóla á þeim tíma, enda hafa foreldrar sótt um niðurfellinguna í Rafrænni Reykjavík fyrir 10. desember ár hvert“

Kynningarbréf var sent til leikskólastjóra og þeir beðnir um að senda til allra foreldra leikskólabarna. Vegna breytinga á Völu leikskólakerfinu tókst ekki að setja umsóknina í Rafræna Reykjavík, þess í stað voru foreldrar beðnir um að sækja um til deildarstjóra/leikskólastjóra. Útbúin var sérmerking í Völu leikskólakerfinu og merktu leikskólastjórar inn hvaða börn nýttu sér niðurfellinguna.

Í áætlun skóla- og frístundasviðs var gert ráð fyrir að sótt yrði um niðurfellingu gjalda fyrir 35% barna og kostnaðurinn yrði um 6,8 milljónir.

Reyndin var sú að sótt var um niðurfellingu gjalda vegna 61% barna og er raunkostnaðurinn um 8,7 milljónir.

Skipting eftir hverfum var eftirfarandi:

Hverfi	Fjöldi leikskóla	Fj. barna í leikskóla	Fj. niðurfelling	% niðurfelling
Árbær/Grafarholt	11	974	622	64
Breiðholt	11	933	602	65
Grafarvogur	10	823	492	60
Laugard/Háaleiti	14	1275	769	60
Miðborg/Hlíðar	8	666	386	58
Vesturbær	8	626	375	60
<b>Samtals</b>	<b>62</b>	<b>5297</b>	<b>3246</b>	<b>61</b>